

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F133/2023

Reykjavík, 17. mars 2023

Bjarni Benediktsson  
fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Hinn 9. mars sl. birtist tilkynning á vef Stjórnarráðs Íslands sem bar yfirskriftina „Vegna umfjöllunar um málefni Lindarhvals“. Í inngangi hennar kemur fram að áréttuð séu, að gefnu tilefni, nokkur atriði til að halda til haga staðreyndum varðandi félagið Lindarhvol. Þá er undir millifyrirsögninni „Um birtingu vinnuskjala“ að finna eftirfarandi umfjöllun:

Ólöglegt er að gera vinnuskjöl ríkisendurskoðanda opinber samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur úrskurðað um þetta atriði mörgum sinnum, þ.á.m. eftir að skýrslu Ríkisendurskoðunar var skilað árið 2020. Sjá nánar meðal annars úrskurði nefndarinnar nr. 826/2019, 827/2019, 967/2021, 978/2021 og 1041/2021.

Ráðuneytinu er skylt að hlíta úrskurðum nefndarinnar og þar með óheimilt að birta vinnuskjalið. Vilji eða afstaða ráðherra og ráðuneytisins skiptir ekki máli í því samhengi.

Í framkvæmd umboðsmanns hefur verið lagt til grundvallar að það leiði af stöðu stjórnvalds og ábyrgð þess á málaflokki að því sé að jafnaði heimilt, og í sumum tilvikum rétt, að birta opinberlega ýmsar upplýsingar almenns eðlis um starfsemi sína. Er þá haft í huga að birtar séu viðeigandi upplýsingar um viðkomandi málaflokk, starfshætti og lagalega umgjörð með það fyrir augum að borgararnir geti betur gert sér grein fyrir réttarstöðu sinni og hvaða kröfur lög geri til samskipta þeirra við stjórnvaldið. Þá hefur einnig verið litið svo á að stjórnvaldi sé heimilt að birta opinberlega leiðréttingar þegar tilefni er til, að því gefnu að gætt sé trúnaðar. Hvort heldur um er að ræða atriði almenns eðlis eða leiðréttingar vegna ákveðinna mála þurfa þó þær upplýsingar sem fram koma á opinberum vefsvæðum stofnana hverju sinni að vera í samræmi við lög.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt nánari ákvæðum laga nr.

nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Meðal þeirra úrræða sem umboðsmanni eru veitt í þessu skyni er heimild til að taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laganna.

Í þessu ljósi hefur fyrrgreind tilkynning fjármála- og efnahagsráðuneytisins á vef Stjórnarráðsins orðið mér tilefni til að óska eftir þeim nánari upplýsingum og skýringum ráðuneytisins sem síðar greinir. Í því sambandi tel ég þó ástæðu til að taka fram að fyrirspurn mín beinist ekki að ætlaðri skyldu ráðuneytis yðar, eða annarra opinberra aðila, til að birta eða veita aðgang að því skjali fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda sem vísað er til í tilkynningunni, heldur þeim almennu fullyrðingum um gildandi rétt sem fram koma í áðurtilvitnuðum texta.

Samkvæmt framangreindu er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, að ráðuneyti yðar upplýsi og skýri eftirfarandi atriði áður en tekin verður ákvörðun um framhald málsins:

1. Óskað er upplýsinga um hvort með fullyrðingunni „[ó]löglegt er að gera vinnuskjöl ríkisendurskoðanda opinber samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga“ sé átt við að birting slíkra gagna sé almennt óheimil eða hvort fullyrðingin eigi einungis við um téð skjal fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda.
2. Ef fullyrðingunni er ætlað að hafa almenna skírskotun er óskað eftir því að ráðuneytið skýri nánar hvaða lagasjónarmið búi að baki þeirri afstöðu að birting vinnuskjala ríkisendurskoðanda, að eigin frumkvæði stjórnvalds eða samkvæmt beiðni, sé alfarið óheimil og þá án þess að mat fari fram á atvikum í hvert og eitt sinn.
3. Í ljósi þeirrar fullyrðingar að ráðuneytinu sé skylt að hlíta úrskurðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál er óskað eftir því að það skýri nánar hvort og þá hvernig niðurstaða nefndarinnar, á þá leið að stjórnvaldi hafi verið heimilt að synja beiðni kæranda um aðgang að gögnum, hafi áhrif á heimild þess til að birta gögn að eigin frumkvæði.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni eigi síðar en 4. apríl nk.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Magnússon